

# Strætó

Árshlutareikningur  
31. mars 2024



Strætó bs.  
kt. 500501-3160  
Hesthás 14  
110 Reykjavík

# Strætó

## Árshlutareikningur 31. mars 2024

### Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2-3
Rekstrarreikningur.....	4
Efnahagsreikningur.....	5-6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8-13

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Óendurskoðaður árshlutareikningur Strætó fyrir tímabilið janúar til mars 2024 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

## Tilgangur Strætó

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningssvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

## Eigendur og stjórn

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

## Rekstur tímabilsins janúar til mars 2024

Rekstrarniðurstaða á tímabilinu janúar til mars 2024 var jákvæð um 190,7 m.kr. Afkoma var yfir því sem áætlun gerði ráð fyrir, sem nam 181,7 m.kr. Helstu frávik skýrast einkum af rekstrargjöldum sem voru 146,2 m.kr. undir áætlun sem má aðallega rekja til aðhalds í rekstri sem og að kjarasamningar eru lausir, vænta má að launakostnaður hækki, þegar samningar liggja fyrir.

Tekjur tímsbilsins af farþegum voru 573,6 m.kr., eða aukning um 10% miðað við sama tímabil árið á undan. Aldrei hafa fleiri innstig mælst yfir árið í strætisvögnum á höfuðborgarsvæðinu en árið 2023 síðan reglulegar mælingar hófust og er um sannkallað metár að ræða og virðist sú þróun halda áfram fyrstu þrjá mánuði ársins 2024.

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31. mars 2024 námu 3,1 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 3,3 ma.kr. Eigið fé var neikvætt um 173,6 m.kr. Handbært fé var 160,9m.kr. 31. mars 2024 og hafði dregist saman um 209,4 m.kr. frá áramótum sem skýrist einkum af greiðslu skaðabóta vegna dómsmáls frá 2010 að fjárhæð 437 m.kr.

Fjárfest var í níu rafmagnsvögnum í lok árs 2023, þrátt fyrir nýja vagna þá er meðalaldur vagna orðinn of hár og rekstraröryggi hluta flotans ótryggt. Strætó hefur sett sér markmið um kolefnislausan flota árið 2030, en í dag er um 15% af flotanum kolefnislaus. Með sameiginlegu átaki ríkis og eigenda Strætó er enn mögulegt að þessu markmiði verði náð.

Til að styrkja fjárhag samlagsins til framtíðar þurfa eigendur og ríki að leita allra leiða til að bæta reksturinn, ekki einungis til að mæta sveiflum í rekstri, heldur til að mæta auknum kröfum um sjálfbærni, orkuskipti í samgöngum og verkefni tengdum eflingu almenningssamgangna s.s. Borgarlínu.

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Það er álit stjórnar Strætó að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu þess í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samlagsins, komi fram í ársreikning.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir tímabilið janúar til mars 2024 með áritun sinni.

Reykjavík, 17. maí 2024

*Undirritun er rafræn og er að finna á öftustu síðu*

---

### Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

---

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

---

F.h. Kópavogsbæjar

---

F.h. Mosfellsbæjar

---

F.h. Garðabæjar

---

F.h. Seltjarnarnesbæjar

---

Framkvæmdastjóri

---

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. mars 2024

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023	1.1-31.3.2024
<b>Rekstrartekjur</b>				
Fargjöld .....		573.609	522.728	602.204
Rekstrarframlög eignaraðila .....	16	1.595.519	1.444.771	1.569.496
Ríkisframlag .....		226.500	226.500	226.500
Pant akstursþjónusta.....	17	477.224	447.379	500.779
Aðrar tekjur .....	18	141.393	95.720	105.964
Rekstrartekjur samtals		<u>3.014.245</u>	<u>2.737.098</u>	<u>3.004.944</u>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	19	819.820	768.769	883.502
Rekstur vagna og aðkeyptur akstur .....	20	1.254.537	1.229.439	1.290.747
Pant akstursþjónusta.....	17	477.224	447.379	500.779
Annar rekstrarkostnaður .....	21	182.496	189.390	205.209
Rekstrargjöld samtals		<u>2.734.076</u>	<u>2.634.977</u>	<u>2.880.237</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....</b>		<u>280.169</u>	<u>102.121</u>	<u>124.707</u>
Afskriftir .....	7,22	( 53.743)	( 66.743)	( 71.074)
<b>Rekstrarniðurstaða (EBIT).....</b>		<u>226.426</u>	<u>35.378</u>	<u>53.633</u>
Vaxtatekjur.....		168	104	0
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		( 35.852)	( 48.648)	( 44.635)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>( 35.684)</u>	<u>( 48.544)</u>	<u>( 44.635)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u><u>190.742</u></u>	<u><u>( 13.166)</u></u>	<u><u>8.998</u></u>

# Efnahagsreikningur 31.mars 2024

	Skýr.	31.03 2024	31.12 2023
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir fastafjármunir:	6,22		
Strætisvagnar og önnur ökutæki .....		1.240.949	1.275.186
Innréttingar, áhöld og tæki.....		142.880	137.764
Hugbúnaður.....		269.958	278.283
		<u>1.653.787</u>	<u>1.691.233</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	579.329	586.299
		<u>579.329</u>	<u>586.299</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>2.233.116</u>	<u>2.277.533</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	8,23	112.905	105.151
Skammtímakröfur:	11		
Viðskiptakröfur .....	24	64.935	63.447
Kröfur á tengda aðila.....		339.862	310.488
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		157.442	69.204
Aðrar skammtímakröfur .....		7.935	14.428
Handbært fé.....		160.922	370.350
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>844.001</u>	<u>933.068</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>3.077.117</u>	<u>3.210.601</u>

# Efnahagsreikningur 31.mars 2024

	Skýr.	31.03 2024	31.12 2023
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Framlag eigenda .....		900.018	900.018
Ójafnað tap.....		( 1.073.666)	( 1.264.407)
<b>Eigið fé samtals</b>	25	<u>( 173.648)</u>	<u>( 364.390)</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Lífeyrisskuldbinding.....	13,26	237.338	238.593
<b>Skuldbindingar samtals</b>		<u>237.338</u>	<u>238.593</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....		1.626.963	1.624.749
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	14,27	<u>1.626.963</u>	<u>1.624.749</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		764.719	649.329
Næsta árs afborganir langtímalána.....	27	116.379	114.155
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindinga.....	26	19.670	19.670
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		12.193	11.375
Aðrar skammtímaskuldir .....		473.501	917.120
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>1.386.463</u>	<u>1.711.649</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>3.250.765</u>	<u>3.574.991</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.077.117</u></u>	<u><u>3.210.601</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit 1.janúar til 31.mars 2024

		Skýr. 1.1.-31.3 2024	1.1.-31.3 2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða .....		190.742	( 13.166)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	7	53.743	66.743
Verðbætur og gengismunur.....		18.045	32.140
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	26	( 1.254)	0
		<u>261.276</u>	<u>85.717</u>
<b>Veltufé frá (til) reksturs</b>			
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		( 7.754)	( 4.799)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 112.607)	( 272.629)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		( 327.410)	207.075
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting.....		6.971	6.971
		<u>( 440.801)</u>	<u>( 63.383)</u>
		<u>( 179.525)</u>	<u>22.335</u>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	22	( 16.297)	( 19.947)
		<u>( 16.297)</u>	<u>( 19.947)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána.....	27	( 13.607)	( 12.970)
		<u>( 13.607)</u>	<u>( 12.970)</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé</b>			
		( 209.428)	( 10.582)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>370.350</u>	<u>539.236</u>
<b>Handbært fé í lok tímabils.....</b>	12	<u>160.922</u>	<u>528.654</u>



# Skýringar með ársreikningi

## 1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Lögheimili samlagsins er að Hesthálsi 14, 110 Reykjavík.

Samlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum (nr. 45/1998) um samvinnu sveitarfélaga við framkvæmd einstakra verkefna.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Árshlutareikningurinn er byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Reikningsskilaaðferðir

## 3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samlagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Hagnaður eða tap á sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikningi á meðal rekstrartekna eða - gjalda, eftir því sem við á.

## 4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 6. Eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eigna á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

# Skýringar með ársreikningi

## 7. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði.

Strætisvagnar og önnur ökutæki .....	10-13 ár
Áhöld og tæki .....	3-10 ár
Hugbúnaður .....	5-7 ár

## 8. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

## 9. Niðurfærsla krafna

Viðskiptakröfur eru metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna er færð í rekstrarreikning.

## 10. Fyrirframgeiddur kostnaður

Fyrirframgeiddur kostnaður vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð , samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1.júlí 2017 að telja.

## 11. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

## 12. Handbært fé

Til handbærs fjár teljast sjóður og bankainnstæður.

## 13. Skuldbinding

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Strætó er færð sem skuldbinding í efnahagsreikningi samkvæmt útreikningi Brú lífeyrissjóðs, þá í samræmi við samþykktir sjóðsins. Breyting á skuldbindingu er færð í rekstrarreikning. Áætlaðar næsta árs greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga eru færðar meðal skammtímaskulda.

## 14. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok árs eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

# Skýringar með ársreikningi

## 15. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

## 16. Rekstrarframlög eignaraðila

	1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023
Rekstrarframlög eignaraðila .....	1.465.377	1.325.259
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja .....	40.142	29.510
Niðurgreiðsla nemakorta .....	90.000	90.002
	<u>1.595.519</u>	<u>1.444.771</u>

	Rekstrar- framlag	Niðurgreiðsla fatlaðra og aldraðra	Niðurgreiðsla nemakorta	Samtals
Reykjavíkurborg.....	904.130	24.802	67.417	996.348
Kópavogsbær.....	201.855	5.511	9.464	216.830
Hafnarfjarðarbær.....	142.661	3.900	6.373	152.933
Garðabær.....	109.481	2.986	3.455	115.922
Mosfellsbær.....	80.794	2.218	1.685	84.696
Seltjarnarnesbær.....	26.457	725	1.607	28.788
	<u>1.465.377</u>	<u>40.142</u>	<u>90.000</u>	<u>1.595.519</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

## 17. Pant akstursþjónusta

	1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga .....	436.062	425.870
Fargjöld notenda .....	41.162	21.509
	<u>477.224</u>	<u>447.379</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur .....	477.224	447.069
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri .....	0	310
	<u>477.224</u>	<u>447.379</u>

Pant akstursþjónusta er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða. Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur beinn kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

## 18. Aðrar tekjur

	1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023
Þóknun - Pant akstursþjónusta .....	52.809	49.431
Þóknun - landsbyggðin .....	28.429	25.377
Aðrar tekjur .....	60.155	20.911
	<u>141.393</u>	<u>95.720</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 19. Laun og launatengd gjöld

	1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023
Laun .....	660.877	623.039
Launatengd gjöld .....	158.943	145.730
	<u>819.820</u>	<u>768.769</u>

## 20. Rekstur vagna og aðkeyptur akstur

	1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023
Aðkeyptur akstur .....	1.020.962	974.941
Viðhalds og viðgerðakostnaður .....	62.770	82.445
Orkugjafir .....	119.116	128.136
Annar rekstrarkostnaður vagna .....	51.688	43.917
	<u>1.254.537</u>	<u>1.229.439</u>

## 21. Annar rekstrarkostnaður

	1.1-31.3 2024	1.1-31.3 2023
Skrifstofu- stjórnunarkostnaður .....	77.812	76.818
Sölu og kynningarkostnaður .....	17.258	13.954
Rekstur tölvubúnaðar .....	50.028	57.788
Húsnæðiskostnaður .....	37.397	40.831
	<u>182.496</u>	<u>189.390</u>

## 22. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2024 .....	3.958.784	513.352	494.305	4.966.440
Afskrifað áður .....	( 2.683.598)	( 375.587)	( 216.021)	( 3.275.207)
Bókfært verð 1.1 2024 .....	1.275.186	137.764	278.283	1.691.233
Viðbót .....	0	11.462	4.835	16.297
Afskrift .....	( 34.237)	( 6.346)	( 13.160)	( 53.743)
Bókfært verð 31.03 2024 .....	1.240.949	142.880	269.958	1.653.787
Afskriftahlutföll .....	8-13%	10-33%	14-20%	

## 23. Birgðir

	31.03 2024	31.12 2023
Olía .....	11.254	8.534
Varahlutir .....	101.652	96.617
	<u>112.905</u>	<u>105.151</u>
Vátryggingaverðmæti birgða .....	129.659	117.421

# Skýringar með ársreikningi

## 24. Viðskiptakröfur

	31.03 2024	31.12 2023
Viðskiptakröfur .....	34.924	37.918
Viðskiptakröfur - Pant akstursþjónusta .....	32.298	27.816
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 2.287)	( 2.287)
	<u>64.935</u>	<u>63.447</u>

## 25. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1 2024 .....		( 1.264.405)	( 1.264.407)
Rekstrarniðurstaða ársins .....		190.742	190.742
Stofnframlag .....	900.018		900.018
Staða 31.03 2024 .....	<u>900.018</u>	<u>( 1.073.663)</u>	<u>( 173.642)</u>

## 26. Lífeyrisskuldbinding vegna Brúar Lífeyrissjóðar

Áætluð áfallin lífeyrisskuldbinding er tilkomin vegna breytinga á samþykktum A og V deildar Brúar lífeyrissjóðs 2023 og nam 257 m.kr. 31.3 2024. Mánaðarleg innheimta hófst í janúar 2024 og verður til næstu áratuga eða þangað til þessi hópur hættir á lífeyri.

	31.03 2024
Lífeyrisskuldbinding í upphafi árs. ....	258.263
Breyting á lífeyrisskuldbindingu á tímabilinu .....	<u>( 1.254)</u>
<b>Lífeyrisskuldbinding í árslok</b> .....	<u>257.009</u>
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....	19.670
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar .....	<u>237.338</u>
	<u>257.009</u>

## 27. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða 1.1 2024 .....	<u>1.138.568</u>	<u>600.336</u>	<u>1.738.904</u>
Afborgun ársins .....	0	0	( 13.607)
Verðbætur og afföll ársins .....	18.045	0	18.045
	<u>1.156.613</u>	<u>600.336</u>	<u>1.743.342</u>
Næsta árs afbrogun .....	( 50.474)	( 65.904)	( 116.379)
	<u>1.106.138</u>	<u>534.432</u>	<u>1.626.963</u>

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

Tímabilið 1.4 2024-31.3 2025 .....	116.379
Tímabilið 1.4 2025-31.3 2026 .....	116.957
Tímabilið 1.4 2026-31.3 2027 .....	106.566
Tímabilið 1.4 2027-31.3 2028 .....	152.254
Tímabilið 1.4 2028-31.3 2029 .....	252.878
Síðar .....	<u>998.310</u>
	<u>1.743.342</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að a.m.k. tvöfalda hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

## 29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila, ófjáráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 30. Áframhaldandi rekstrarhæfi

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði gríðarleg fjárhagsleg áhrif á starfsemi félagsins og fjárhagsstaða Strætó rýrnað verulega frá upphafi faraldurs. Síðustu ár hafa einnig reynst erfið sökum hækkandi kostnaðar á aðföngum umfram hækkun tekna. Eigendur lögðu félaginu til 520 m.kr. aukaframlag árið 2022 og 2023 eða samtals 1.040 m.kr. Að auki lögðu eigendur félaginu í lok árs 2023 til 351 m.kr. vegna skaðabóta sem Strætó var dæmt til greiðslu í Landsrétti.

Áframhaldandi rekstrarhæfi Strætó af reglulegri starfsemi hefur verið tryggt með auknu rekstrarframlagi eigenda á árunum 2022 og 2023. Þá bera eigendur beina ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

## 31. Önnur mál

Breytingar voru gerðar á samþykktum A og V deildar Brúar lífeyrissjóðs. Ástæða breytinganna var tryggingafræðilegur halli sem tilkominn var annars vegar vegna innleiðingu á nýju reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga á lífslíkum landsmanna og hins vegar vegna slakra ávöxtunnar á árinu 2022. Í ljósi þessa mun Brú lífeyrissjóður hefja mánaðarlega innheimtu sem hófst í janúar 2024 og verður til næstu áratuga eða þangað til þessi hópur hættir á lífeyri. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi var áætluð skuldbinding í árslok 2023 258 m.kr. sem færð hefur verið í rekstrarreikning með mótfærslu á lífeyrisskuldbindingu í efnahag, þar sem um matsbreytingu er að ræða. Um áætlaða fjárhæð er að ræða og kann hún að verða leiðrétt. Í skoðun er að hvaða marki viðbótargreiðslur og lífeyrisskuldbindingar skuli falla á byggðasamlagið vegna ákveðins hóps starfsmanna sem áður þáðu launagreiðslur frá Reykjavíkurborg en störfuðu fyrir Strætó bs. Leiðréttingar á áætlaðri skuldbindingu eru þó ekki líklegar til að nema verulegum fjárhæðum.